



Náttúruverndarstofnun

Hero Productions ehf

Súðarvogur 7

104 Reykjavík

Garðabær, 24. mars 2025

202503-0238/S.V.

10.02.01

**Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- og kvíkmyndatöku á friðlýstu svæði - Kirkjugólf**

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Hero Productions, fyrir hönd TMZ í London, dagsett, 20. mars 2025, um leyfi til ljósmynda- og kvíkmyndatöku innan náttúrvættisins Kirkjugólf.

Kirkjugólf var friðlýst sem náttúrvætti sbr. [auglýsing nr. 426/1987](#). Markmið friðlýsingarinnar er að vernda stuðlabergið og svæðið umhverfis það. Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum.

**Lýsing verkefnis:**

Verkefnið, sem felur í sér ljósmynda- og vídeótökur á jörðu niðri, er áætlað 3. apríl n.k og að það taki um 2-4 klst. Gert er ráð fyrir að um 40 manns komi að því en hvorki mun verða þörf fyrir leikmynd né leikmuni. Samkvæmt lýsingu mun mögulega þurfa að biðja aðra gesti að hinkra í hámark 10 mínútur á meðan lokið er að mynda staka áfanga verkefnisins.

**Áhrifamat:**

Samkvæmt lýsingu á verkefninu eru ekki miklar líkur á að það raski verndargildi svæðisins, jarðminjum eða lífríki. Aðrir gestir gætu orðið fyrir tímabundnu ónæði af verkefninu sbr. hér að ofan.

**Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Hero Productions, fyrir hönd TMZ, fyrir sitt leyfi fyrir ljósmynda- og kvíkmyndatöku innan náttúrvættisins Kirkjugólf sbr. lýsingu hér að ofan 3. apríl n.k. að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvíkmyndatökuliðsins skal halddið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.

- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

**Leyfisgjald:**

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

*svæðissérfræðingur*

Sigrún Valgarðsdóttir

*sérfræðingur*